



• VÍNBUÐIN | ÁTVR

**Árs- og sam-  
félagsskýrsla  
ÁTVR 2025**





 VÍNBUÐIN | ÁTVR

## ÁRS- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA ÁTVR 2025

©2026 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins  
Stuðlahálsi 2, Reykjavík

## FORMÁLI FORSTJÓRA



Árið 2025 var krefjandi en gott rekstrarár. Miklar breytingar hafa orðið í rekstrarumhverfi ÁTVR á undanförunum árum og við þeim hefur verið brugðist með aðgerðum til hagræðingar og umbóta.

Heildarniðurstaða rekstrar árið 2025 var góð. Tekjur og kostnaður drógust litillega saman á milli ára en hagnaður af starfseminni var tæpar 795 milljónir króna samanborið við tæpar 537 milljónir króna árið á undan. Greiddur var 750 milljón króna arður til ríkissjóðs fyrir árið 2025. Rekstrartekjur ársins voru tæpir 42 milljarðar króna og rekstrargjöld rúmlega 41 milljarður króna. Seldir voru tæplega 21.500 þúsund lítrar af áfengi og þar af var bjór um 76% af öllum seldum lítrum. Samdráttur upp á 5,62% var í seldum lítrum á milli ára. Sala vindlinga dróst saman um 3% á milli ára en sala neftóbaks stóð í stað og var um 9 tonn.

Vínbúðirnar tóku á móti 4,8 milljón viðskiptavinum á árinu 2025 og eru þeir almennt mjög ánægðir með þjónustu og viðmót í verslunum. Í þjónustukönnun segjast 87% viðskiptavina ánægðir með þjónustuna og 94% telja viðmót starfsfólks vera gott.

Samfélagsábyrgð og sjálfbær þróun eru mikilvægir þættir í starfsemi og stefnu ÁTVR og hefur verið einn af lykilþáttum hjá norrænu áfengiseinkasöslunum. Þær byggja starfsemi sína á lýðheilsusjónarmiðum og hafa um árabil verið í góðri samvinnu. Í samstarfinu hefur, auk umhverfis- og loftslagsmála, aukin áhersla verið lögð á siðferðilegar grundvallarreglur í aðfangakeðjunni. Í samvinnu við hagsmunaaðila er lögð áhersla á að bera kennsl á og bregðast sameiginlega við áhættum sem eru til staðar í aðfangakeðjunni s.s. vinnuvernd, félagafrælsi, nauðungarvinnu og réttindum minnihlutahópa.

Á árinu voru ákveðin tímamót í starfsemi fyrirtækisins þegar forstjóri þess, Ívar J. Arndal, lét af störfum í september eftir tæplega 40 ára starf þar sem hann gegndi stöðu forstjóra í 20 ár. Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði undirritaða, Þorgerði Kristínu Þráinsdóttur, forstjóra sem tók við keflinu þann 1. september s.l. Fyrir hönd ÁTVR vil ég þakka Ívari fyrir vel unnin störf og ómetanlegt framlag í áratugi. Hann stýrði fyrirtækinu á umbrotatímum og lagði grunn að uppbyggingu og áframhaldandi þróun þess.

Á tímamótum og með nýjum stjórnendum er kjörið tækifæri til að staldra við, greina stöðuna og nýna starfshætti. Slik vinna er einn af lykilþáttum í ábyrgri stjórnun og miðar að því að tryggja að starfsemi og áherslur félagsins séu í takt við breyttar aðstæður og auknar kröfur. Fyrir stuttu hófst stefnumótunarvinna hjá fyrirtækinu þar sem megináhersla er lögð á að skilgreina áherslur, markmið og forgangsroðun verkefna til næstu ára. Markmiðið er að byggja á þeim trausta grunni sem fyrir er, en jafnframt að skerpa og skýra framtíðarsýn, styrkja rekstur, greina tækifæri til úrbóta og styðja við áframhaldandi þróun. Með skýrri stefnu erum við betur í stakk búin til að takast á við áskoranir og nýta þau tækifæri sem fram undan eru.

**Hlutverk ÁTVR er að starfa innan þess ramma sem stjórnvöld setja, í því fyrirkomulagi sem stjórnvöld ákveða, veita góða þjónustu, hafa samfélagsábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis.**

ÁTVR sinnir mikilvægu lögbundnu hlutverki í smásölu áfengs og heilidsölu tóbaks. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur starfsfólks með fagmennsku, jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi. Fólk sem hefur metnað til að gera hlutina vel og ná árangri. Í umræðu um félagið má oft greina rugling á milli hlutverks, tilgangs og valdsviðs ÁTVR annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Stjórnvöld móta stefnu í áfengismálum, ákveða fyrirkomulag áfengissölu í landi og setja lög og reglugerðir um málaflökkinn. Hlutverk ÁTVR er að starfa innan þess ramma sem stjórnvöld setja, í því fyrirkomulagi sem stjórnvöld ákveða, veita góða þjónustu, hafa samfélagsábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis. Um þessar mundir er nokkur umræða um fyrirkomulag áfengissölu í landinu og ágreiningur um lögmati áfengissölu fyrir utan Vínbúðir ÁTVR. Það er ekki hlutverk ÁTVR að hafa skoðun á þessum málum né stefnu eða ákvörðunum stjórnvalda. Hjá fyrirtækinu er hins vegar mikil þekking og reynsla af málaflöknum, þeim ramma sem ríkiseinkasölum er settur og lýðheilsumálum. ÁTVR mun miðla þessari þekkingu á málefnalegan hátt, sérstaklega þegar farið er með rangt mál um umgjörð og starfsemi fyrirtækisins.

Ég þakka starfsfólki fyrir það góða starf sem unnið hefur verið á árinu. Á fyrstu mánuðum mínum í starfi hef ég fengið að kynna þeirri fagmennsku, þekkingu og metnaði sem einkennir starfsemina og er grunnurinn að þeim árangri sem náðst hefur. Ég hlakka til að takast á við komandi áskoranir með því öflugum og samstíga liði sem hér starfar.

**Borgerður Kristín Þráinsdóttir**

**Á fyrstu mánuðum mínum í starfi hef ég fengið að kynna þeirri fagmennsku, þekkingu og metnaði sem einkennir starfsemina og er grunnurinn að þeim árangri sem náðst hefur.**

# HEILDARSTEFNA

**Við höfum sérstöðu því okkur er falið að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu.**



## Frábær upplifun

Við veitum einstaka þjónustu með snjöllum lausnum og jákvæðu viðmóti. Fagleg ráðgjöf byggir á þekkingu og hlutleysi. Fjölbreytt vöruúrval með áherslu á gæði og sjálfbærni mætir væntingum viðskiptavina.



## Jákvæð menning

Við sköpum heilbrigða og jákvæða vinnustaðameningu og sýnum samstarfsfólki umhyggju. Vinnustaðurinn er heilsueflandi og markviss starfsþróun stuðlar að velliðan og framúrskarandi þjónustu.



## Ábyrg starfsemi

Við erum fyrirmynd í samfélagsábyrgð og afgreiðum ekki fólk undir 20 ára aldri. Starfsemi byggir á faglegum og öguðum vinnubrögðum.

*Stefnan gildir frá 1. janúar 2024*

Heildarstefnan byggir á þremur meginþáttum, frábærri upplifun, jákvæðri menningu og ábyrgri starfsemi. Stefnan endurspeglar sérstöðu ÁTVR sem er að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu.

ÁTVR hefur sett sér stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnu. Hægt er að kynna sér [stefnur ÁTVR](https://www.vinbudin.is) á [vinbudin.is](https://www.vinbudin.is).



## FRAMKVÆMDARÁÐ



**Þorgerður Kristín Þráinsdóttir**  
Forstjóri



**Sigrún Ósk Sigurðardóttir**  
Aðstoðarforstjóri  
Fjármál og nýsköpun



**Sveinn Víkingur Árnason**  
Framkvæmdastjóri  
Dreifing, fasteignir og tækni



**Haraldur Á Hjaltason**  
Framkvæmdastjóri  
Vöruval og innkaup



**Kristján M. Ólafsson**  
Framkvæmdastjóri  
Vínbúðir og þjónusta



**Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Menning og mannauður

# SKIPULAG OG STJÓRNUN

ÁTVR starfar eftir lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Lögin gilda um smásölu á áfengi og heilidsölu á tóbaki. Markmið laganna er þrjúþætt: Að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heilidsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

Fjármála- og efnahagsráðgjafi skipar forstjóra sem fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður starfsfólk. 1. september 2025 tók Þorgerður Kristín Þráinsdóttir við starfi forstjóra og Ívar J. Arndal lét af störfum eftir 20 ár sem forstjóri ÁTVR.

## Fjármála- og efnahagsráðgjafi

### Forstjóri

Þorgerður Kristín Þráinsdóttir

#### Vöruval og innkaup

Haraldur Á.  
Hjaltason

#### Dreifing, fasteignir og tækni

Sveinn V.  
Árnason

#### Vínbúðir og þjónusta

Kristján M.  
Ólafsson

#### Fjármál og nýsköpun

Sigrún Ósk  
Sigurðardóttir  
Aðstoðarforstjóri

#### Menning og mannauður

Ásdís Eyrún  
Sigurgeirsdóttir

Skipulagið gildir frá 1. september 2025

Reglulegir fundir stjórnenda eru hluti af skipulagi til að tryggja gott upplýsingaflæði. Samskiptaforritið Workvivo gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum á milli starfsfólks og starfsstöðva þar sem upplýsingum er miðlað, auk þess að vera góður farvegur fyrir félagsleg tengsl.

# ÁRS- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA

Ísland er skilgreint sem nærsamfélag, þar er öll starfsemi, allir stjórnendur eru íslenskir og búsettir á landinu. Árs- og samfélagsskýrslan gildir fyrir árið 2025 og nær yfir alla starfsemina. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og birt á [www.vinbudin.is](http://www.vinbudin.is).



Við gerð skýrslunnar er fylgt Global Reporting Initiative (GRI) Standards. Tilgangurinn er að skrá og miðla með gagnsæjum hætti upplýsingum sem tengdar eru samfélagslegri ábyrgð. Gerð er grein fyrir mælikvörðum í texta skýrslunnar þar sem það á við. Í skýrslunni er gerð grein fyrir 35 mælikvörðum. Heildaryfirlit og mælikvarða má nálgast í sjálfbærnihluta skýrslunnar.



## HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi 2016. Þau eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Alls eru markmiðin 17 talsins og þeim fylgja 169 undirmarkmið. ÁTVR hefur unnið með sex áherslumarkmið: heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftlagsmálum og líf á landi. Í skýrslunni er gerð grein fyrir einstökum áherslum.



Amfori eru samtök sem hafa það að markmiði að tryggja að öll viðskipti skapi félagslegan, umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning. Áfengiseinkasölur á Norðurlöndunum, þar með talið ÁTVR, eru aðilar að amfori. Siðareglur amfori eru lagðar til grundvallar í norræna samstarfinu (NAM – Nordic alcohol monopoly). Með aðild vilja einkasölnar stuðla að aukinni sjálfbærni í aðfangakeðjunni og tryggja, eins og kostur er, að allar vörur sem boðnar eru til sölu séu framleiddar í samræmi við siðareglur.




Festa – miðstöð um sjálfbærni hefur það markmið að hafa auðgandi áhrif á umhverfi og samfélag. ÁTVR er meðlimur í Festu og tekur þátt í starfsemi félagsins.

# STEFNUÁHERSLUR

Stefnuáherslur ÁTVR taka mið af þeirri sérstöðu sem fyrirtækinu er falið, það er að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu.


Áherslurnar eru þrjár, frábær upplifun, jákvæð menning og ábyrg starfsemi. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir þessum þremur stefnuáherslum, en allar miða þær að því að styðja við það einstaka hlutverk sem ÁTVR er falið.



Frábær upplifun →



Jákvæð menning →



Ábyrg starfsemi →

# HAGSMUNAAÐILAR

ÁTVR hefur skilgreint helstu hagsmunaaðila sem viðskiptavinum, mannauð, birgja, eigandann og samfélagið. Í samræmi við stefnu leggur ÁTVR áherslu á samtali við hagsmunaaðila til að skilgreina lykilmálefni í stefnu, greina áhættu og tækifæri og þar með forgangsraða áherslur í sjálfbærni og styðja við gagnsæja og markvissa upplýsingagjöf.

# MIKILVÆGISGREINING

ÁTVR hefur unnið grunnvinnu við tvöfalda mikilvægisgreiningu í samræmi við kröfur á sviði sjálfbærni. Markmiðið er að greina og forgangsraða þeim málefnum sem hafa mest áhrif á starfsemina og hagsmunaaðila. Greiningin byggir á IRO- nálguninni þar sem áhrif, áhætta og tækifæri eru metin til að styðja við upplýsta ákvörðunartöku í sjálfbærnimálum. Myndin hér að neðan sýnir forgangsröðun lykilmálefna.



Mikilvægir þættir	GRI tilvísun
Lágmarka skaðsemi vegna áfengisneyslu	<a href="#">GRI 414: Skimun birgja 2016</a> <a href="#">GRI 416: Heilsa og öryggi viðskiptavina 2016</a>
Loftslagsmál	<a href="#">GRI 301: Efnisnotkun 2016</a> <a href="#">GRI 302: Orka 2016</a> <a href="#">GRI 305: Losun 2016</a> <a href="#">GRI 306: Úrgangur 2020</a> <a href="#">GRI 307: Hliting 2016</a>
Ábyrgir starfshættir	<a href="#">GRI 201: Fjárhagsleg frammistaða 2016</a> <a href="#">GRI 205: Spilling 2016</a> <a href="#">GRI 307: Hliting 2016</a>
Stuðla að mannréttindum í virðiskeðjunni	<a href="#">GRI 407: Félagafrelsi og kjarasamningar 2016</a> <a href="#">GRI 408: Barnaþrælkun 2016</a> <a href="#">GRI 409: Nauðungar- og skylduvinna 2016</a>
Liffræðilegur fjölbreytileiki	<a href="#">GRI 101: Liffræðileg fjölbreytni 2024</a> <a href="#">GRI 417: Markaðssetning og merkingar 2016</a>
Mannauður	<a href="#">GRI 401: Vinnuafli 2016</a> <a href="#">GRI 402: Kjaramál 2016</a> <a href="#">GRI 403: Vinnuvernd 2018</a> <a href="#">GRI 404: Þjálfun og menntun 2016</a> <a href="#">GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 2016</a>

## SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN


### Markmið og mælikvarðar


Mælanleg markmið eru sett fyrir meginþætti heildarstefnunnar. Vínbúðum eru sett mælanleg markmið sem eru uppfærð reglulega, niðurstaða er aðgengileg öllum stjórnendum.

### Sjálfbærnistjórnun

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkuð eftir stefnuáherslum með tilvísun í GRI mælikvarða og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Einnig er í töflunni tilvísun í síðareglur alþjóðasamtakanna amfori.

Stefnuáherslur	Sjálfbærnisvið		2025 Niðurstaða	2025 Markmið	2026 Markmið	GRI Standards	Heimsmarkmið	Amfori (BSCI)
<b>Ábyrg starfsemi</b>	Skilríkjaeftirlit	Hulduheimsóknir	90	94	94	413-1	#3	#7
		Endurvinnsluhlutfall %	86	90	90	306-2	#12, #13	#12
	Losun frá umbúðum - hlutfall af seldum lítum	gCO2/milljón litra	507	450	490	305-3	#12, #13	#12
	Vottaðar vörur (lífrænt, lífefit, sjálfbært og sanngjarnt)	Hlutfall af vörunúmerum %	13	14	14	101-2	#14, #15	#12
	Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu %		0,036	0,04	0,04	205-1	#8	
	Arðsemi eiginfjár í %		10,6	8	-	201-1	#8	
<b>Jákvæð upplifun</b>	Ánægja viðskiptavina	Íslenska ánægjuvogin <sup>1</sup>	71	70	70	2-29	#4	
	Ímynd	Íslenska ánægjuvogin <sup>1</sup>	68	67	68	2-29, 416-1	#17	
	Viðmót starfsfólks	Gallup - þjónustukönnun <sup>1</sup>	4,6	4,6	4,6	2-29	#9	
	Þekking starfsfólks	Gallup - þjónustukönnun <sup>1</sup>	4,1	4,1	4,1	2-29	#4	#4
	Ánægja með vöruval	Gallup - þjónustukönnun <sup>1</sup>	3,9	4	4	416-1		
<b>Jákvæð menning</b>	Starfsánægja (hversu ánægð(ur) ertu með fyrirtækið sem vinnustað)	Gallup	4,33	4,25	4,28	2-7, 407-1	#5 #10	#11
	Helgun starfsfólks	Gallup vinnustaðagreining	4,32	4,27	4,29	2-7	#5 #10	#6
	Stofnun ársins - heildareinkunn	Stofnun ársins <sup>2</sup>	4,38	4,3	4,3	2-7	#5 #10	#6
	Stjórnun	Stofnun ársins <sup>2</sup>	4,43	4,35	4,40	2-29, 403-4		
	Ánægja með vinnustaðamenningu	Stofnun ársins <sup>2</sup>	4,38	4,30	4,35	403-4, 2-29	#3 #8	#6
	Skammtímafjarvera vegna veikinda og veikinda barna sem hlutfall af unnum klst. %		3,78	-	-	403-2	#3 #11	#7





## Frábær upplifun

Við veitum einstaka þjónustu með snjölum lausnum og jákvæðu viðmóti. Fagleg ráðgjöf byggir á þekkingu og hlutleysi. Fjölbreytt vöruúrval með áherslu á gæði og sjálfbærni mætir væntingum viðskiptavina.

FRÁBÆR UPPLIFUN


## ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

Þátttaka í Íslensku ánægjuvöginni gefur mikilvægan samanburð við fyrirtæki á almennum markaði. Einkunn Vínbúðarinnar er 70,9 og hækkaði á milli ára.

Til að fá fram skoðanir viðskiptavina á þjónustu, viðmóti, þekkingu og vöruvali framkvæmir Gallup könnun fyrir hverja Vínbúð.


Mikilvægustu mælikvarðarnir eru ánægja með þjónustu og viðmót starfsfólks. Niðurstöðurnar eru góðar þar sem 87% viðskiptavina eru ánægðir með þjónustuna og 94% telja viðmót starfsfólks gott. Niðurstöður allra kannana eru rýndar með það að markmiði að halda því sem vel er gert og leita leiða til að gera betur í öðrum þáttum.

Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Vínbúðarinnar?



Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna ágúst – október 2025. Mælt á kvarðanum 1-5.

Hversu gott eða slæmt finnst þér viðmót starfsfólks Vínbúðanna almennt vera?



Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna ágúst – október 2025. Mælt á kvarðanum 1-5.

## VEFURINN OG SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Á [www.vinbudin.is](http://www.vinbudin.is) má finna greinagóðar vörulýsingar á öllum vörum og með einföldum hætti er einnig hægt að sjá vöruval hverrar Vinbúðar og birgðastöðu sem uppfærast reglulega. Á vefnum eru einnig praktískar upplýsingar, meðal annars lög og reglur sem um starfsemina gilda en mest sóttu upplýsingarnar eru um opnunartíma og staðsetningu Vinbúða. Hægt er að finna Vinbúðina á Instagram ([vinbudin.is](https://www.instagram.com/vinbudin.is)) og Facebook (Vinbúðin).

Vinráðgjöf skipar stóran sess við að hjálpa viðskiptavinum að velja saman vín og mat. Veislureiknivélin er öflugt tæki til að aðstoða viðskiptavini við að áætla rétt magn af víni fyrir veislur. Á síðunni er öflugur uppskriftavefur þar sem hægt er að fá tillögur að vínunum sem henta með hverjum rétti.

Vöruval í Vefbúðinni hefur aukist jafnt og þétt. Auk vara í vöruvali Vinbúðanna er hægt að velja úr um 1.000 vörutegundum í sérpöntun. Í heildina geta viðskiptavinir valið úr rúmlega 4.100 tegundum í Vefbúð og fengið afhent sér að kostnaðarlausu í Vinbúð að eigin vali, í vöruhúsi á Stuðlahálsi eða á skilgreindum afhendingarstöðum. Á *mínum síðum* er yfirlit yfir vefpantanir og stöðu þeirra, hægt er að setja vörur á topplista, gefa einkunn og skrifa minnisatriði.

Afhendingarstaðir fyrir netpantanir á landsbyggðinni eiga það allir sameiginlegt að þar er langt að sækja þjónustu í næstu Vinbúð. ÁTVR rekur sex afhendingarstaði: á Bildudal, Borgarfirði eystri, Grenivík, Grimsey, Hrísey og Raufarhöfn.



FRÁBÆR UPPLIFUN

## FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA


Alls fengu rúmlega 4,8 milljónir viðskiptavina þjónustu hjá Vínbúðunum. Viðskiptavinum fækkaði um 4,4% á milli ára, á sama tíma og sala áfengis í litrum talið minnkaði um 5,6%. Flestir viðskiptavinir koma í lok vikunnar, á föstudögum og laugardögum, eða um 49% af heildarfjölda viðskiptavina.

Á [www.vinbudin.is](http://www.vinbudin.is) er birt yfirlit yfir annatíma sem endurspeglar fjölda viðskiptavina eftir dögum og eftir álagstímum innan dagsins. Yfirlitið er gagnlegt fyrir viðskiptavini, til dæmis þá sem óska eftir meiri þjónustu í rólegu umhverfi.

HLUTFALL VIÐSKIPTAVINA EFTIR DÖGUM



### Annatími



Flestir viðskiptavinir heimsóttu Vínbúðirnar 30. desember, en þann dag komu tæplega 40 þúsund viðskiptavinir í Vínbúðirnar. Aðra annasama daga komu á bilinu 33 – 36 þúsund viðskiptavinir. Til samanburðar er meðalfjöldi viðskiptavina á hefðbundnum föstudegi um 27 þúsund.

### FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA

Fjöldi viðskiptavina flokkað eftir stærstu dögum ársins ásamt meðalfjölda á föstudegi til samanburðar.



**4.841**  
þúsund viðskiptavinir

Vinbúðirnar hvetja viðskiptavini til að hugsa um umhverfið og koma með fjölnota poka frekar en kaupa nýja. Hlutfall viðskiptavina sem kaupa fjölnota burðarpoka minnkar á milli ára, enu að síður eru seldir um 200 þúsund pokar árlega.

	2025	2024	% breyting
Seldir lítrar	21.423.420	22.699.350	-5,6%
Fjöldi viðskiptavina	4.840.803	5.065.509	-4,4%
Fjölnota burðarpokar	206.907	229.456	-9,8%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa fjölnota poka	4,3%	4,5%	-5,6%

**4,3%**  
viðskiptavina kaupa fjölnota burðarpoka

**206.907**  
fjölnota pokar seldir

## FRÁBÆR UPPLIFUN

# VÍNBUÐIR ÁRSINS

Öllum Vínbúðum er sett mælanleg markmið um meðal annars skilríkjaeftirlit, ánægju með þjónustu, viðmót starfsfólks og rýrnun. Niðurstöður eru aðgengilegar öllum stjórnendum og eru birtar mánaðarlega.

Vínbúðunum er skipt í þrjá flokka eftir fjölda tegunda í vöruvali: Alls eru 16 Vínbúðir í flokki stærri Vínbúða, 13 í flokki milli stórra og 21 í flokki minni Vínbúða.

Viðurkenningar eru veittar starfsfólki þeirra Vínbúða sem bestum árangri ná. Að þessu sinni var Vínbúðin Spönginni valin Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða, Vínbúðin Flúðum í flokki milli stórra Vínbúða og Vínbúðin Ólafsvík varð hlutskörpust í flokki minni Vínbúða.

### Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða 2025

Spöngin



### Vínbúð ársins í flokki milli stórra Vínbúða 2025

Flúðir



### Vínbúð ársins í flokki minni Vínbúða 2025

Ólafsvík



FRÁBÆR UPPLIFUN

## ÁBYRGHT VÖRUVAL



### Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasöluverur Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasöla Landsins í Færeyjum og ÁTVR verið í samstarfi á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækin hafa sett sér sameiginleg markmið um mannréttindi í aðfangakeðjunni og umhverfismál.

Markmiðið er að vera leiðandi á sviði ábyrgðar og sjálfbærrar þróunar við framleiðslu áfengis og minnka umhverfisáhrif, bæði í aðfangakeðjunni og starfsemi fyrirtækjanna. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á siðferðilegar grundvallarreglur í aðfangakeðjunni, auk umhverfis- og loftslagsmála. Í samvinnu við hagsmunaaðila er áhersla á að bera kennsl á og bregðast sameiginlega við áhættum sem eru til staðar í aðfangakeðjunni s.s. vinnuvernd, félagafrelsi og réttur til kjarasamninga, nauðungarvinna, mannsal og réttindi minnihlutahópa.

Allar einkasöluverur eru meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori, en markmið þeirra er að efla samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni í samræmi við siðareglur samtakanna. Siðareglur amfori eru lagðar til grundvallar samstarfi fyrirtækjanna.



### Vöruval

Vöruval Vínbúðanna byggir á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (nr.1106/2015) með síðari breytingum. Eftirspurn viðskiptavina ræður að mestu vöruvali Vínbúðanna. Vöruvalið skiptist í þrjá megin söluflokka: kjarna, reynslu og sérflökk. Auk þeirra eru smærri tímabundnir flokkar sem tengjast almennt tímabilum eða árstíðum.

Kjarni er megin söluflökurinn og myndar grunn að vöruvali hvers Vínbúðar sem er endurmetið þrisvar á ári.

Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum og fær dreifingu í fjórar Vínbúðir við upphaf sölu. Ef reynsluvara nær tilteknu söluviðmiði færir hún í kjarna og fær um leið aukna dreifingu.

Sérflökki er ætlað að bjóða vöruúrval sem byggir á fjölbreytni og gæðum til að mæta væntingum viðskiptavina.




Vínbúðum er skipt í stærðarflokkana K1 til K9 eftir fjölda vörutegunda í vöruvali. Í minnsta flokknum, K1, eru að lágmarki 100 vörur í grunnvöruvali en í þeim stærsta, K9, eru að lágmarki 1.500 vörur. Vöruval minnstu Vínbúðanna er þó almennt um 200 vörur í heildina. Í Vínbúðinni Heiðrónu er hægt að nálgast allar vörur í vöruvali, sem eru að jafnaði um 3.000 vörutegundir. Í Heiðrónu hefur verið komið fyrir sérstöku hitastýrðu svæði fyrir léttvín í hærri gæðaflokkum.

MARKAÐSHLUTDEILD VÍNBUÐAFLOKKA Í HEILDARSÖLU VÍNBUÐA



VÍNBUÐIR FLOKKADAR EFTIR STÆRD



Þegar lítið er á hlutdeild Vínbúða í heildarsölu þá hafa K1 - K5 Vínbúðir, Vefbúð og veisluvín 25% hlutdeild af heildarsölu Vínbúða. Ef hins vegar er horft til fjölda Vínbúða þá eru 35 af 50 Vínbúðum í K1 - K5, eða 70%.

### Sérstakar áherslur í vöruvali

ÁTVR miðlar gagnsæjum og sannreynanlegum upplýsingum um framleiðsluaðferðir og uppruna vara til að styðja upplýstar ákvarðanir viðskiptavina. Vörur í Vínbúðum og á vef eru merktar með upplýsingum um viðurkenndar vottanir sem ná til umhverfis- og félagslegra þátta í ræktun, framleiðslu og aðfangakeðju, svo sem lifrænnar og bíodínámskrar framleiðslu, umhverfissvottana og sanngjarnra viðskipta.

Við mat á vottunum styðst ÁTVR við viðmiðunargreiningu (benchmark) norræna einkasöluáðila (NAM). Þar eru vottanir metnar út frá stöðluðum og gagnsægum viðmiðum, m.a. um stjórnarhætti, umhverfisáhrif og félagslega þætti. Með þessari nálgun leitast ÁTVR við að tryggja samræmi og áreiðanleika upplýsinga, ásamt því að draga úr hættu á villandi framsetningu.

### Gæðaeftirlit vöru

Vörugæði og neysluöryggi eru meginstoðir í ábyrgri starfsemi ÁTVR. Til að tryggja að vörur uppfylli skilyrði laga og reglna fara allar vörur í gegnum skoðun og gæðaeftirlit áður en þær eru samþykktar í sölu. Fjöldi skilaðra eininga á árinu var 2.098 og var fækkun á milli ára. Flest vöruskil má rekja til korksKemmda. Af hverjum 100 þúsund seldum einingum var um fjórum skilað. Fjöldi innkallana á árinu var 11. Helstu orsakir voru frávik í gæðum.

### Samskipti við birgja

Þeir aðilar sem hafa leyfi til innflutnings áfengis geta sótt um að koma vöru í sölu í Vínbúðum. Áður en viðskipti geta hafist þurfa birgjar að gera stofnsamning við ÁTVR. Samningurinn kveður einnig á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (Nr. 1106/2015). Samningurinn tekur til allra vörukaupa frá birgjum og veitir jafnframt aðgang að þjónustuvef sem eingöngu er ætlaður birgjum. Á vefnum hafa birgjar yfirsýn yfir stöðu umsókna, geta nálgast söluskýrslur og allar nauðsynlegar upplýsingar og almennar fréttir sem snúa að samskiptum við birgja.



## Jákvæð menning

Við sköpum heilbrigða og jákvæða vinnustaðamenningu og sýnum samstarfsfólki umhyggju. Vinnustaðurinn er heilsueflandi og markviss starfsþróun stuðlar að vellíðan og framúrskarandi þjónustu.

Marmot



## STARFSÁNÆGJA

Lögð er áhersla á að skapa jákvæða vinnustaðamenningu, þar sem ríkir góður starfsandi og starfsfólk leggur sig fram um að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í samstarfi við Gallup voru framkvæmdar tvær vinnustaðagreiningar. Gallup metur helgun starfsfólks með því að mæla tólf lykilkætti. Rannsóknir hafa sýnt að helgað starfsfólk er virkari þátttakandi á vinnustaðnum, er minna fjarverandi og sýnir vinnustaðnum meiri tryggð. Niðurstaða fyrir fyrirtækið í heild var 4,32, á kvarðanum 1 til 5, og hækkar á milli ára.



Stofnun ársins er samræmd könnun stofnana í eigu ríkisins. Könnunin er unnin af Gallup og er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra stofnana. Í tilvikum ÁTVR er öllu fastráðnu starfsfólki boðin þátttaka, óháð stéttarfélagi. Könnunin mælir starfsánægju auk fjölmargra annarra þátta sem snúa að stjórnun og starfsumhverfi. ÁTVR hafnaði í þriðja sæti í flokki stórra stofnana, með 90 starfsmenn eða fleiri, með heildareinkunnina 4,38.

Að jafnaði er öllu starfsfólki boðið tvö starfsmannasamtöl á árinu. Þar gefst starfsmanni og stjórnanda tækifæri til að ræða meðal annars endurgjöf, verkefni, samskipti og liðan.

## GÓÐ HEILSA

ÁTVR er umhugað um heilsu og vellíðan starfsfólks. Með markvissum aðgerðum er starfsfólk hvatt til að huga að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Á árinu uppfyllti ÁTVR viðmið um heilsueflandi vinnustað. Viðmiðin eru yfirgripsmikil og byggja á rannsóknum frá fyrirmyndum erlendis frá og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Einn liður í heilsueflandi vinnustað er að hvetja starfsfólk til þátttöku í vinnustaðakeppnunum Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Í boði fyrir starfsfólk er að gera samgöngusamning þar sem markmiðið er að hvetja til aukinnar hreyfingar og minnka umhverfisáhrif. Árlega er starfsfólki boðið upp á heilsufarsmat auk viðtals þar sem rætt er um almenna liðan, álag og streitu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um Sjálfbæra þróun, sjálfbærar borgir og samfélög númer 11, Heilsu og vellíðan númer 3, og Aðgerðir í loftslagsmálum númer 13, fléttast inn í samgöngumálin. Það leiðir af sér minna svífryk, minni útblástur, minni gatnaskemmdir, styttri umferðartíma og betri andlega og líkamlega heilsu.

## GREINING OG TÖLUR

Í árslok voru 492 starfsmenn á launaskrá. Í starfsmannahópnum eru konur 276 á móti 215 körlum og eitt er með hlutlaust kyn.

Nýráðningar voru 120 á árinu, 58 konur og 62 karlar. Í árslok voru 83 af þeim sem voru ráðnir enn í starfi. Flestar nýráðningar eru í tímavinnu eða 92 á meðan 28 voru fastráðnir.

Við upphaf starfs eru siðareglur kynntar fyrir starfsfólki auk þess sem þær eru aðgengilegar á [www.vinbudin.is](http://www.vinbudin.is). Siðareglur gegna mikilvægu hlutverki við að skerpa á ábyrgð starfsfólks og undirstrika mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar njóti sanngirni og jafnræðis.

Á árinu fengu 632 starfsmenn greidd laun. Ársverk voru 302 og fækkaði um 13 ársverk á milli ára.

Starfsmannavelta fyrirtækisins í heild var 33%. Meiri starfsmannavelta er hjá tímavinnufólki en í hópi fastráðinna.

**632**

fengu greidd laun árið 2025

**302**

ársverk voru unnin árið 2025




Fastráðið starfsfólk



Tímavinnustarfsfólk



NÝRÁÐNINGAR EFTIR ALDRI OG KYNI



Alls tóku 17 starfsmenn fæðingarorlof árið 2025; níu karlar og átta konur. Átta karlmenn hafa snúið til baka að loknu fæðingarorlofi og einn er enn í orlofi. Fjórar konur eru komnar aftur úr fæðingarorlofi á meðan fjórar eru enn í orlofi.

## SLYS OG FJARVISTIR VEGNA VEIKINDA

Markmiðið er að halda vinnustaðnum öruggum og slysalausum, það tókst ekki því á árinu urðu fjögur slys. Tveir karlar og ein kona slösuðust á vinnustað en ein kona slasaðist á leið til eða frá vinnu.

Í viðverkerfi er haldið utan um fjarveru starfsfólks vegna veikinda og veikinda barna. Fjarveru vegna veikinda er skipt í langtíma- og skammtímafjarveru. Langtímafjarvera er fjarvera lengri en tvær vikur samfelt. Útreikningi á skammtímafjarveru vegna veikinda og veikinda barna var breytt lítillega til að fá nákvæmari mælingu. Með nýrri aðferð mælist skammtímafjarveran 3,78% á árinu og með sömu reikningsaðferð fyrir árið 2024 er hlutfallið nánast óbreytt.

## FRÆÐSLA OG STARFSÞRÓUN

Mikil áhersla er lögð á að efla þekkingu sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu.

Vörubekking er þungamiðja fræðslunnar.

Heilsueflandi fræðsla er í samræmi við markmið um heilsueflandi vinnustað. Fræðslukerfið Eloomi er nýtt til að gera starfsfólki kleift að nálgast alla fræðslu með rafrænum hætti óháð búsetu. Samtals voru fræðslustundir 2.839, umreiknað í 9 stundir á stöðugildi. Viðskiptavinir eru í þjónustukönnun spurðir um upplifun sína á þekkingu starfsfólks, 84% viðskiptavina telja að starfsfólk búi yfir mikilli þekkingu.



## Fræðsla

Fræðsluflokkar	Starfsfólk	Konur	Karlar	Tímar alls	Meðalfjöldi á stöðugildi
Vörubekking	800	57%	43%	1.352	4,5
Heilsuefling	549	66%	34%	549	1,8
Starfsþróun	610	65%	35%	938	3,1
<b>Samtals námskeiðsstundir</b>	<b>1.959</b>	<b>63%</b>	<b>37%</b>	<b>2.839</b>	<b>9,4</b>

## KJARASAMNINGAR

Öll starfsemi ÁTVR er á Íslandi og allt starfsfólk er í stéttarfélagi og því er ekki talin hætta á að brotið sé á réttindum starfsfólks varðandi samningsrétt eða þátttöku í stéttarfélögum.

ÁTVR virðir mannréttindi og fylgir lögum og reglum sem gilda um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisins, gerir kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög. Starfsfólk fær greidd laun í samræmi við kjarasamninga, fyrir utan forstjóra en laun hans eru ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðherra. Gerðir hafa verið stofnanasamningar um nánari útfærslur kjarasamnings við viðeigandi stéttarfélög.

Ráðningarformin eru tvö: tímabundin ráðning og fastráðning. Starfsfólk með tímabundna ráðningu vinnur almennt á álagstímum, seinni hluta vikunnar, á sumrin og um jól. Uppsagnafrestur starfsfólks er samkvæmt kjarasamningi ólíkur eftir ráðningarformi; einn mánuður hjá tímavinnustarfsfólki en almennt þrjú mánuðir fyrir fastráðna. Starfsfólk sem ráðið var til starfa fyrir gildistöku starfsmannalaganna sem sett voru í júní 1996, getur átt rétt til biðlauna ef starf þeirra verður lagt niður.

## JAFNLAUNAVOTTUN

ÁTVR hefur sett sér jafnlaunastefnu og birt jafnréttisáætlun. Markmið jafnlaunastefnu er að allt starfsfólk hljóti jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni, þjóðerni eða öðrum órökstuddum þáttum. Jafnréttisáætlun byggir á lögum nr. 150/2020 og er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu þeirra og virðingu.

Allt frá árinu 2018 þegar ÁTVR hlaut fyrst jafnlaunavottun hefur vottunin verið endurnýjuð, nú síðast 2025. Í vottun felst jafnframt skuldbinding til að vinna að stöðugum umbótum, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við ef upp koma frávik.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2024 - 2027












## Ábyrg starfsemi

Við erum fyrirmynd í samfélagsábyrgð og afgreiðum ekki fólk undir 20 ára aldri. Starfsemi byggir á faglegum og öguðum vinnubrögðum.



## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

<p><b>2016</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þátttaka í Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar</li> <li>• Ársskýrsla gefin út á rafrænu formi</li> <li>• Jafnlaunavottun</li> <li>• Kuðungurinn</li> </ul>	<p><b>2021</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sölu einnota burðarpoka hætt</li> <li>• Jafnlaunavottun 2021-2024</li> </ul>
<p><b>2017</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Græn skref í níkisrekstri innleidd í allt fyrirtækið</li> <li>• Könnun á samfélagsábyrgð</li> </ul>	<p><b>2022</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vegvísir í loftslagsmálum</li> <li>• Vegvísir í samfélagsmálum</li> <li>• Staðfesting á ófjárhagslegum upplýsingum</li> </ul>
<p><b>2018</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Jafnlaunavottun IST 85:2012</li> <li>• ÁTVR tilnefnt til loftslagsverðlauna Reykjavíkurborgar</li> </ul>	<p><b>2023</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna við mikilvægisgreiningu</li> <li>• Viðmiðunargreining á stöðlum</li> </ul>
<p><b>2019</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlað kolefnisspor umbúða birt á vinnubúðin.is</li> </ul>	<p><b>2024</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðurkenndar vottanir vörusafns</li> <li>• Endurnýjun jafnlaunavottunar</li> </ul>
<p><b>2020</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Norræn ráðstefna um vatn og mannréttindi</li> <li>• Sölu plastpoka hætt</li> <li>• Jafnlaunavottun endurnýjuð</li> </ul>	<p><b>2025</b></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fyrsti rafmagnsflutningabíllinn</li> <li>• Þróun aðferðafræði fyrir kolefnisspor vöru (PCF)</li> <li>• Áframhaldandi viðmiðunargreining á vottunum</li> </ul>

## SKILRÍKJAEFTIRLIT

Mikilvægur þáttur í ábyrgri starfsemi er að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Huldheimsóknun er ætlað að efla starfsfólk við skilríkjaeftirlit. Huldheimsóknun fer þannig fram að viðskiptavinir á aldrinum 20 – 23 ára versla í Vínubúðum og skila niðurstöðum til rannsóknaraðila um hvort viðkomandi hafi þurft að framvísa skilríkjum. Árangur huldheimsókna var 90%. Með samstarfi við island.is og lögregluna er kleift að skanna rafræn ökuskírteini á öllum afgreiðslukössum og tengja beint við gagnagrunn lögreglunnar til að sannreyna aldur ungra viðskiptavina.



## GRÆNT BÓKHALD

ÁTVR heldur grænt bókhald og skilar jafnframt gögnum til Umhverfisstofnunar.



Græn skref eru verkfæri fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum samkvæmt skýrum gátlistum. Skrefin eru fimm og veitir Umhverfisstofnun viðurkenningu þegar hverju skrefi er lokið. Allar starfsstöðvar ÁTVR hafa innleitt öll fimm skrefin.

Í töflunni eru sýndir valdir mælikvarðar úr grænu bókhaldi, þróun þeirra milli ára 2024 og 2025 og markmið fyrir árið 2025.

Mælikvarðarnir ná til prentunar, innkaupa á rekstrarvörum, ræstiefna og umbúða.


	2024	2025	Markmið 2025	
<b>Prentun</b>				
Skrifstofupappír	3,9	3,1	3,0	kg/stg.
Prentun umhverfissvottuð	100%	100%	100%	hlutfall
<b>Einnota vörur</b>				
Pappamál	29	17	25	stk/stg.
<b>Ræstiefni</b>				
Sólar ehf.	100%	100%	100%	hlutfall
Ræstivörur	81%	70%	90%	hlutfall
<b>Umbúðir</b>				
Margnota burðarpokar	10.109	9.658	-	stk/Mltr.
Strekkifilma	307	289	300	kg/Mltr.

## UMBÚÐIR OG KOLEFNISSPOR

Umbúðir vega þungt í losun virðisgæðunnar

Umbúðir eru meðal helstu forgangsmála ÁTVR samkvæmt mati á mikilvægustu umhverfis- og loftslagsáhrifum. Þær eru einn stærsti losunarpáttur virðisgæðunnar og hafa veruleg áhrif á loftslag og nýtingu auðlinda.

Lífisferilsgreining á vörusafni ÁTVR, unnin í samstarfi við norrænar áfengiseinkasölu, sýnir að stór hluti umhverfisáhrifa tengist umbúðum. Glerumbúðir hafa hæsta kolefnisspor á hvern lítra samanborið við aðrar algengar umbúðagerðir.



g CO<sub>2</sub>e/l

\*Hér byggist útreikningurinn á upplýsingum úr annarri gagnaveitu.

Meginhluti þessara áhrifa myndast utan eigin rekstrar, eftir að vörur eru seldar neytendum, og falla því undir óbeina losun í virðiskeðju (Scope 3). ÁTVR hefur þó veruleg áhrif á þróun mála með innkaupastefnu, kröfum til birgja og markvissri upplýsingagjöf til viðskiptavina um kolefnisspor og umbúðaval.




### Núverandi staða

Á árinu voru seldar tæplega 48 milljónir eininga í Vínbúðunum.

Heildarlosun frá umbúðum nam 10.869 tonnum CO<sub>2</sub> og minnkaði um 6% frá fyrra ári. Losun á hverja selda milljón lítra lækkaði um 0,4%, úr 509 í 507 tCO<sub>2</sub>, sem endurspeglar áframhaldandi hagræðingu í umbúðavali. Ástæður fyrir minni samdrætti eru meðal annars að hlutfall bjórs í álumbúðum er nú þegar mjög hátt og að aukning á léttgleri hefur staðið í stað.


LOSUN CO<sub>2</sub> FRÁ UMBÚÐUM

Tonn




HEILDARLOSUN UMBÚDA


Tonn CO<sub>2</sub> á milljónir seldra lítra



FJÖLDI EININGA EFTIR UMBÚÐUM 2023 - 2025




SALA - LÍTRAR



**87%**  
Hlutfall seldra lítra í umbúðum með lágt kolefnisspor (léttgler, ál og pappi)

Miðað við seldra lítra eru 39% af víni í 750 ml glerflöskum (rauðvín, hvítvín og rósavín) í léttgleri (<420 g). Hlutfall bjórs í álumbúðum var 93,7%.

BJÓR - LOSUN CO2 G/MLTR OG HLUTFALL ÁLUMBÚÐA



Hægt er að sjá upplýsingar um áfengissölu á vef Vínbúðanna, þar er hægt að sjá m.a. sölu út frá umbúðum.

**Skilakerfi og endurvinnsla**


ÁTVR er hluthafi og einn af stofnendum Endurvinnslunnar hf. og tekur þannig beinan þátt í uppbyggingu og þróun skilagjaldskerfis einnota drykkjarumbúða á Íslandi.

Endurvinnslan annast söfnun og meðhöndlun umbúða og gegnir lykilhlutverki við að tryggja há skilahlutföll og endurvinnslu efna.

Allar einnota drykkjarumbúðir sem ÁTVR setur á markað falla undir skilagjaldskerfið og flokkast sem hættalaus úrgangur. Skilahlutfall ársins var 94% og allar umbúðir sem skilað er í kerfið fara í efnisendurvinnslu. Engin urðun á sér stað innan skilakerfisins.

SKIL EFTIR TEGUNDUM UMBÚÐA HJÁ ENDURVINNSLUNNI OG SORPU

Gögn eru byggð á upplýsingum frá Endurvinnslunni hf., sem annast söfnun og flokkun drykkjarumbúða í gegnum skilagjaldskerfið.



Áætlað er að um 6% seldra umbúða skili sér ekki í skilakerfið. Þær fara að hluta í almennt úrgangskerfi sveitarfélaga þar sem hluti er enduruninn en hluti fer til orkuvinnslu eða urðunar. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að viðhalda háu skilahlutfalli og efla hvata til skilagreiðslu.



Aðgerðir og áhrif

ÁTVR leggur áherslu á að draga úr kolefnisspori umbúða með:


- kröfum til birgja um léttari glerumbúðir,
- auknu framboði umbúðagerða með lægra kolefnisspori,
- upplýsingagjöf til viðskiptavina um þyngd umbúða og áætlað kolefnisspor á vöruspjöldum á vinbudin.is.

Sameiginleg áhersla norrænu einkasalanna er að framleiðendur noti léttgler, sérstaklega fyrir vörur sem framleiddar eru í miklu magni. Samhliða má búast við auknu framboði á víni og bjór í öðrum umbúðagerðum, svo sem pappaubúðum, sem hafa lægra kolefnisspor en hefðbundið gler.

## Markmið og leið til 2030

Markmið ÁTVR er að draga úr kolefnisspori umbúða um 50% fyrir árið 2030 miðað við 2020.

LANGTÍMAMARKMIÐ: UMBÚÐIR - TCO<sub>2</sub>/MLTR



Til að ná markmiðinu um 50% samdrátt fyrir 2030 þarf að meðaltali um 10-11% árlegan samdrátt frá og með 2025. Það er í samræmi við þróun sem styður við markmið um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5°C.

Áfram verður unnið að því að:

- auka hlutfall umbúða með lágt kolefnisspor
- draga markvisst úr þyngd glerumbúða til að minnka kolefnisspor þeirra
- fjölga umbúðagerðum með minni loftslagsáhrifum
- viðhalda háu skilahlutfalli í hringrásarkerfinu

## ÁBYRG STARFSEMI

### ORKUNOTKUN

Orkunotkun fyrirtækisins nær til allrar starfseminnar, þ.e. höfuðstöðva, dreifingarmiðstöðvar og Vínubúða.

Á Stuðlahálsi eru höfuðstöðvar, dreifingarmiðstöð og Vínubúðin Heiðrún staðsett og liggja fyrir fullnægjandi mælingar á raforku og heitu vatni. Fyrir Vínubúðir í leiguhúsnæði er notkun áætluð hlutfallslega miðað við fermetrafjöldi. Orkunotkun utan fyrirtækisins, svo sem í flutningum eða hjá birgjum, er ekki hluti af þessari umfjöllun.

Við umbreytingu eldsneytis og heits vatns í orkueiningar (kWst) er stuðst við staðlaða orkustuðla.

#### Orkunotkun

Heildarorkunotkun ársins nam samtals 12,3 GWst. Orkunotkunin samanstóð af raforku, heitu vatni og eldsneyti sem fyrirtækið notaði. Af heildarorkunotkun var 96% frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

### Orkunotkun Stuðlahálsi

	Eining	Orkunotkun 2024	Orkunotkun 2025	Breyting milli ára	Hlutfall mælt
Raforka - Stuðlaháls	kWst	658.381	674.916	2,5%	100%
Raforka - Vínbúðir (mælt)	kWst	763.955	758.473	-0,7%	66%
Raforka - Vínbúðir (áætlað)	kWst	391.033	386.945	-1,0%	0%
<b>Raforka samtals</b>		<b>1.813.369</b>	<b>1.820.334</b>	<b>0,4%</b>	
Heitt vatn - Stuðlaháls	m3	40.434	42.931	6,2%	100%
Heitt vatn - Stuðlaháls snjóbræðsla	m3	30.418	25.081	-17,5%	100%
Heitt vatn - Vínbúðir (mælt)	m3	46.525	56.292	21,0%	53%
Heitt vatn - Vínbúðir (áætlað)	m3	43.666	50.445	15,5%	0%
<b>Heitt vatn samtals</b>		<b>161.043</b>	<b>174.749</b>	<b>8,5%</b>	


### Raforka

Heildarraforkunotkun nam 1.820.334 kWst, sem er 0,4% aukning frá fyrra ári. Um þriðjungur raforkunnar er notaður á Stuðlahálsi, þar sem starfrækt er hússtjórnarkerfi sem stýrir álagi, vaktar hitastig og fylgist með raforkunotkun í rauntíma.

Aukning raforkunotkunar á Stuðlahálsi skýrist að mestu af framkvæmdum og fjölgun rafbíla í rekstri. Á lóðinni eru 22 hleðslustöðvar fyrir rafbíla og er gert ráð fyrir að raforkunotkun haldi áfram að aukast samhlíða orkuskiptum bifreiða.

Raforkunotkun Vínbúða er að fullu mæld í verslunum sem samsvara 66% af heildarfermetrafjölda Vínbúða. Fyrir leiguhúsnaði er notkun áætluð hlutfallslega miðað við fermetrafjölda.

RAFMAGN - KWST



### Heitt vatn - m3

Vitneskja um heitavatnsnotkun er sömu takmörkunum háð og vitneskja um rafmagnsnotkun.


Heitavatnsnotkun er að fullu þekkt á Stuðlahálsi og 53% af heildarfermetrafjölda Vínbúða.

Heitavatnsnotkunin var 56.292 m3 fyrir þessa fermetra.

Heildarnotkun á heitu vatni nam 174.749 m<sup>3</sup>, sem er 8,5% aukning milli ára. Heitavatnsnotkun á Stuðlahálsi jókst um 6% frá fyrra ári, meðal annars vegna stækkunar á vöruhúsi.

Í Vínbúðum liggja fyrir fullnægjandi mælingar á heitavatnsnotkun sem samsvara 53% af heildarfermetrafjölda. Notkun í leiguhúsnaði er áætluð á sama hátt og raforka.

HEITAVATNSNOTKUN - M3



Raforka og heitt vatn - Allt fyrirtækið

	2024	2025	Eining	Mismunur 24/25	Útreikningar
Áætluð heildar almenn raforkunotkun	1.813	1.820	MWst	0%	
Raforka - staðbundinn stuðull	7,68	6,41	g CO2lg/kWst	-17%	Umhverfis- og orkustofnun 2025
Raforka - markaðsbundinn stuðull	581,8	563,9	g CO2lg/kWst	-3%	Umhverfis- og orkustofnun 2024
Raforka - Eigið húsnæði - stb. Losun	10,9	9,2	CO2 tonn	-16%	
Raforka - Leigt húsnæði - stb. Losun	3,0	2,5	CO2 tonn	-17%	
Raforka - Markaðsbundin losun	1.055	1.026	CO2 tonn	-3%	
Áætluð heitavatsnotkun	161.043	174.749	m3	9%	
Heitt vatn - losunarstuðull	541	447	g CO2lg/m3	-17%	Umhverfis- og orkustofnun 2025
<b>VIÐVÁÐING - AÐGERÐIR OG AÐGERÐIR</b>	<b>77</b>	<b>70</b>	<b>AVGÖRUG</b>	<b>-17%</b>	

Orkunýtni

Raforkunotkun á fermetra er notuð sem meginlegur mælikvarði á orkunýtni þar sem hún endurspeglar vel eðli starfsemi fyrirtækisins.

Raforkunotkun á fermetra í Vínbúðum lækkaði milli ára, úr 77 kWst/fm í 76 kWst/fm, sem bendir til bættrar orkunýtni þrátt fyrir aukna heildarnotkun.

Orkusparnaður og aðgerðir

Fyrirtækið leggur áherslu á markvissan orkusparnað og bættu orkunýtni. Innleiðingu LED-lýsingar er lokið á Stuðlahálsi og allar Vínbúðir eru nú komnar með LED-lýsingu, þar með talið skilti og baklýsingu.

Hússtjórnarkerfi hefur verið innleitt til að stýra álagi, hitastigi og notkun raforku og heits vatns. Þessar aðgerðir hafa stuðlað að lægri raforkunotkun á fermetra.

Orkusparnaðaraðgerðir tengjast jafnframt stefnu fyrirtækisins í loftslagsmálum og stuðla að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna nr. 7 um sjálfbæra orku og nr. 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Orkugjafar

Samantekt á notkun endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra orkugjafa er sett fram í kWst. Raforka og heitt vatn sem notuð eru í starfseminni eru að mestu leyti byggð á endurnýjanlegum orkugjöfum, en losun getur verið breytileg milli ára eftir losunarstuðlum

Notkun díselolíu og bensins tekur eingöngu til orkugjafa sem eru notaðir á ökutæki og búnað í eigu ÁTVR. Notkun þessara orkugjafa nam um 4% af heildarorkunotkun.

Samantekt á notkun á endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum í kWst.

	Magn 2025	Stuðull	2024 - kWst	2025 - kWst	Breyting
Bensin - ltr.	1.777	9,5	25.679	16.882	-34%
			<b>11.563.644</b>	<b>12.302.725</b>	6%

## LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

ÁTVR innleiðir staðal GRI 101 um líffræðilega fjölbreytni og hefur hafið markvisst áhættumat í virðiskeðjunni í samræmi við LEAP-ramma TNFD. Þar sem megnið af vörum fyrirtækisins á uppruna sinn í landbúnaði eru helstu áhrif á líffræðilega fjölbreytni óbein og tengjast ræktun, landnýtingu og vistkerfaþjónustu í upprunalöndum. Framleiðsla landbúnaðarvara er jafnframt háð heilbrigðum vistkerfum, þar á meðal aðgengi að vatni, jarðvegsheilbrigði og líffræðilegri fjölbreytni. Getur hnignun náttúru því haft áhrif á framboð, gæði og stöðugleika í virðiskeðju ÁTVR.

Áhættumat byggir á WWF Biodiversity Risk Filter og tekur mið af upprunalöndum helstu vöruflokka og vægi þeirra í sölumagni. Greiningin sýnir að hluti vörusafnsins kemur frá svæðum þar sem áhætta er há eða mjög há hvað varðar vatnsáhætta, vistkerfaheilbrigði, skaðvaldaáhætta og tap búsvæða. Veruleg áhrif eru skilgreind á grundvelli áhættueinkunnna WWF, umfangs sölumagns og möguleika ÁTVR til að hafa áhrif í gegnum innkaup, kröfugerð og eftirfylgni við birgja.

Á grundvelli greiningarinnar hefur ÁTVR skilgreint forgangssvið í stjórnun náttúruáhættu:

- Vatnsáhætta (magn og gæði)
- Vistkerfaheilbrigði og landnýting
- Skaðvalda- og varnarefnaáhætta
- Tap og umbreyting búsvæða

Land	Ítalía	Spánn	Frakkland	Chile	Bandar.	Portúgal	S-Afrika	Dýskaland	Ástralía
<b>Hlutfall sölu - vín</b>	<b>36%</b>	<b>16%</b>	<b>11%</b>	<b>11%</b>	<b>7%</b>	<b>6%</b>	<b>4%</b>	<b>3%</b>	<b>3%</b>
Vatnsskortur (1.1)	2,16	2,83	1,62	2,78	2,17	2,21	3,12	1,72	2,7
Vatnsgæði (2.2)	3,84	3,56	3,62	2,02	2,59	3,33	2,51	3,65	1,89
Ástand jarðvegs (2.1)	3,07	3,54	2,64	2,48	3,39	3,42	4,13	2,23	4,52
Tap á trjáþekju (5.2)	1,95	2,41	2,29	1,67	2,27	4,34	1,54	2,72	3,29
Varnarefnaáhætta (3.3)	2	1	3	3	2	1	4	2	2

Land	Ísland	Danmörk	Belgía	Frakkland	Holland	Pólland	Tékkland	Dýskaland	Ítalía
<b>Hlutfall sölu - bjór</b>	<b>71%</b>	<b>12%</b>	<b>3%</b>	<b>3%</b>	<b>2%</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>
Vatnsskortur (1.1)	1,6	1,21	2,15	1,62	1,87	1,46	2,04	1,72	2,16
Vatnsgæði (2.2)	1,18	3,04	4,33	3,62	4,13	3,65	3,61	3,65	3,84
Ástand jarðvegs (2.1)	1	1,27	2,15	2,64	1,74	3,11	2,47	2,23	3,07
Tap á trjáþekju (5.2)	1	2,41	2,37	2,29	1,6	3,09	3,72	2,72	1,95
Varnarefnaáhætta (3.3)	1	2	2	3	1	3	2	2	2

● Mjög lítil áhætta ● Lítil áhætta ● Miðlungs áhætta ● Mikil áhætta ● Mjög mikil áhætta

## Viðurkenndar vottanir

Vottun frá óháðum þriðja aðila er lykiltæki í stýringu náttúruáhættu í virðiskeðju ÁTVR. Viðurkenndar vottanir falla í fjóra flokka: lífræna ræktun, sjálfbæra framleiðsla, bióðinamíska ræktun og sanngjarna framleiðsla.


Vottanir taka til umhverfislegra áhrifa í ræktun og framleiðslu, þar á meðal jarðvegsverndar, vatnsstjórnunar og takmörkunar varnarefna, auk félagslegra þátta.

Vottaðar vörur nema 13,2% af vörunúmerum í vörusafni en 4,4% af seldum lítrum. Markmið er að auka hlutfall vottaðra vara og draga þannig úr náttúruáhættu í virðiskeðju.

**Sjálfbær framleiðsla er nú stærsti flokkur vottaðra vara og hefur vaxið markvisst á síðustu árum, sem endurspeglar aukna áherslu á heildstæða umhverfis- og samfélagsábyrgð í virðiskeðju.**



VOTTADAR VÖRUR - FJÖLDI VÖRUNÚMERA



## Stýring og aðgerðir

ÁTVR hefur ekki eigin landnýtingu eða frumframleiðslu. Helstu áhrif á líffræðilega fjölbreytni eru því óbein og tengjast ræktun og landnotkun í upprunalöndum vara. Líffræðileg fjölbreytni er samþætt innkaupastefnu, kröfugerð og eftirfylgni við birgja.

Vottun frá óháðum þriðja aðila er lykiltæki í áhættustýringu og markmið er að auka hlutfall vottaðra vara í vörusafni til að draga úr náttúruáhættu í virðiskeðju.

## Markmið og framþróun

ÁTVR mun á árinu 2026 skilgreina mælanleg og tímabundin markmið og viðmið um að draga úr náttúruáhættu í virðiskeðju, í samræmi við GRI 101. Sú vinna byggir á núverandi áhættumati og samspili við birgja og hagsmunaaðila.

ÁTVR kolefnisjafnar beina losun frá eigin starfsemi og vinnur að samdrætti í losun í virðiskeðju. Sú vinna styður jafnframt við vernd vistkerfa þar sem loftslagsbreytingar eru einn af helstu áhrifaþáttum á líffræðilega fjölbreytni.

## LOFTSLAGSMÁL OG LOFTSLAGSBÓKHALD


ÁTVR hefur sett sér formlega **loftslagsstefnu** í samræmi við lög um loftslagsmál nr. 70/2021. Stefnan tók gildi 1. janúar 2022 og er endurskoðuð reglulega, síðast um áramótin. Í stefnunni eru skilgreind tímasett og mælanleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi og virðisbætur, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og kolefnisjöfnun starfseminnar, ásamt skýrum aðgerðum, ábyrgð og eftirfylgni til að ná settum markmiðum.

Í nóvember var tekin í notkun fyrsti rafknúni vöruflutningabillinn, sem er mikilvægt skref í innleiðingu loftslagsstefnu okkar og styður markmið um samdrátt í losun.

Á linuritinu hér fyrir neðan eru loftslagsmarkmið til ársins 2030. Flokkað er eftir losun frá fólksbílum, vörubílum (sem er stærsti hlutinn), sendiferðabílum og kælimiðlum. Til viðmiðunar er lína sem sýnir rauntölu beinnar losunar. Í samræmi við markmið Parísarsáttmálans er stefnt að því að draga úr beinni losun um 40% miðað við árið 2016.

Samkvæmt Sjálfbærnivísi PwC 2025 er ÁTVR í hópi þeirra níu fyrirtækja sem standa fremst í sjálfbærnimálum meðal 50 stærstu fyrirtækja landsins. Matið byggir á opinberri upplýsingagjöf um loftslagsstjórnun, markmið og gagnsæi og veitir samanburð við önnur stór fyrirtæki á íslenskum markaði.

BEIN LOSUN TIL 2030



Komið er til móts við alla beina losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði og Katla Carbon.



Kolviður býður upp á kolefnisbindingu með skógrækt með vottuðum kolefniseiningum, sem eru ekki kolefnisjöfnun heldur styrkur til kolefnisverkefna, samkvæmt skilgreiningum ESRS og GRI. Alls voru keyptar 91 kolefniseiningar hjá Kolviði.

Katla Carbon (áður SoGreen) er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem þróar nýja tegund kolefniseininga byggða á forðun losunar gróðurhúsalofttegunda með því að tryggja stúlkum í tekjulágum ríkjum aðgang að menntun. Menntun er ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fyrirbyggja hjónabönd barna og þungun táningsstúlkna og þannig er hægt að vinna gegn fólksfjölgun og fátækt.

ÁTVR gerði fimm ára samning við Katla Carbon árið 2023 og keypti 50 kolefniseiningar. Einingarnar verða aðeins taldar á móti losun þegar þær hafa orðið virkar og hlotið viðurkennda vottun, í samræmi við kröfur ESRS og GRI.

## Losun


ÁTVR viðurkennir loftslagsbreytingar af mannavöldum sem verulega áhættu og tækifæri og hefur skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni með skýrum markmiðum og aðgerðum.

Bein losun ÁTVR (losunarsvið 1) nam 131 tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda á árinu. Losun vegna flugs starfsmanna, sem fellur undir losunarsvið 3, nam 10 tonnum, samtals 141 tonn. Komið hefur verið til móts við þessa losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum, samhliða markvissum aðgerðum til að draga úr losun til framtíðar.

Umhverfisáhrif vegna vörudreifingar felast annars vegar í losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og hins vegar í sliti á vegum. Langtímamarkmið ÁTVR er að draga úr notkun jarðefnagnúinna bifreiða með rafvæðingu flutninga og endurnýjun bílaflota.

Á [www.vinbudin.is](http://www.vinbudin.is) má finna nánari upplýsingar um stöðu loftslagsmála og uppfærast tölurnar reglulega. Stefna ÁTVR er að vera fyrirmynd í samfélagslegri ábyrgð með því að draga markvisst úr losun, styðja við náttúruvernd og stuðla að jákvæðum umhverfisáhrifum til lengri tíma.





## Losunarsvið 1 - Bein losun

### Aktur


Í árslok voru 50 Vínbúðir í rekstri. Alls voru seldar 21,4 milljónir lítra af áfengi sem var dreift miðlægt frá dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi. Dreifingin er tvíþætt; 79% er dreift á eigin bílum og 21% af flutningum eru boðnir út. Tóbaki er dreift með eigin bílum á höfuðborgarsvæðinu en önnur dreifing er boðin út. Alls voru keyptir 43.790 lítrar af díselolíu og 1.777 lítrar af bensini. Samdráttur í kolefnislosun bifreiða var 13 tonn CO<sub>2</sub> á árinu.

Alls eru sjö díselbílur, fjórir rafbílur og tveir tengiltvinnbílur í notkun í árslok. Við útreikninga á beinni losun frá bifreiðum er notaður losunarstuðullinn 2,72 fyrir dísel og 2,34 fyrir bensín.



### JARDEFNAELDSNEYTI

Lítrar



### Kælimiðlar

Kælar í Vínbúðum eru 16. Verið er að breyta kælimiðlum úr R404a í CO<sub>2</sub>. Kælimiðillinn R404a var notaður í öllum kælingum, hann hefur ekki áhrif á ósonlagið heldur mikil gróðurhúsaáhrif. Losun af einu kg af R404a hefur sömu áhrif og 3.922 kg af koldíoxíði (1 x 3.922 GWP (e. Global Warming Potential)). Kælikerfin eru lokað, engin óhöpp urðu í kælimiðlum á árinu. Í kerfunum eru 10 kg af kælimiðli. Notast er við sömu aðferð og í Danmörku þar sem áætlað er að 3% tap sé af kælimiðli á ári. Því er áætlað að 8 tonn af koldíoxíð ígildum (CO<sub>2</sub>íg.) losni á ári. Ný Vínbúð var tekin í notkun á Akureyri með nýjum CO<sub>2</sub> kælimiðli. Enn eru 7 Vínbúðir með R404a kælimiðla, þeim verður skipt út á næstu árum.



### Fjárfesting til kolefnisverkefna

Bein heildarlosun er 131 tonn af CO<sub>2</sub> og er kolefnið bundið hjá Kolviði og forðað hjá Katla Carbon.

#### KOLEFNISSPOR ÁTVR

Bein losun CO<sub>2</sub>-ígildi í tonnum



#### Losun á losunarsviði 1

CO<sub>2</sub>-ígildi í tonnum

Losunarpáttur	Áhrif	2024	2025	Breyting 24/25
Eigin fólksbílur	Bein	10	10	0,0%
Eigin flutningabílar	Bein	109	98	-10,1%
Eigin sendiferðabílar	Bein	17	15	-11,8%
Kælimiðlar	Bein	9	8	-11,1%
<b>Samtals</b>		<b>145</b>	<b>131</b>	<b>-9,7%</b>

Útreikningar á losun eru byggðir á GHG Protocol og losunarstuðlum Umhverfisstofnunar. Afmörkun nær til allrar starfsemi ÁTVR á Íslandi.

## Losunarsvið 2 - Óbein losun


### Losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkunotkunar samkvæmt staðbundinni aðferð (location-based) nam 11,7 tonnum CO<sub>2</sub>. Þar af féllu 9,2 tonn undir losunarsvið 1 og 2,5 tonn undir losunarsvið 3 vegna leiguhúsnæðis.

Þar sem ekki var keypt græn raforka á árinu nam losun samkvæmt markaðsbundinni aðferð (market-based) 1.026 tonnum CO<sub>2</sub>. Munurinn á milli aðferðanna skýrist af breytingum á regluverki um upprunaábyrgðir.

Losun vegna heitavatnsnotkunar nam alls 79 tonnum CO<sub>2</sub>, þar af 56 tonn í losunarsviði 1 og 23 tonn í losunarsviði 3. Hærrí losunarstuðull heits vatns árið 2024 skýrist af aukinni losun jarðvarmavirkjana milli ára.

LOSUNARSVIÐ 2 - TONN CO<sub>2</sub>



## Losunarsvið 3 - Óbein losun

### Stjórnun og ábyrgð loftslagsmála

Forstjóri ÁTVR ber ábyrgð á loftslagsstefnu og markmiðum fyrirtækisins, þar á meðal markmiði um 50% samdrátt í losun í virðisbætur fyrir árið 2030 (viðmiðunarár 2020). Markmið og framgangur þeirra eru yfirfarin árlega.

Gæðastjóri ber ábyrgð á gerð loftslagsbókhalds og eftirfylgni markmiða. Loftslagsbókhald er unnið árlega í samræmi við Greenhouse Gas Protocol og byggir á lífsferilsgreiningum, gögnum frá birgjum og viðurkenndum losunarstuðlum. Umfang og aðferðafræði eru endurskoðuð reglulega til að tryggja samanburðarhæfni og áreiðanleika.

Þar sem meginhluti losunar er í virðisbætur (losunarsvið 3) er lögð áhersla á samstarf við birgja og þróun aðferðafræði fyrir kolefnisspor vöru (PCF). Sjálfbærnisjónarmið eru hluti af innkaupaferlum.


Framgangur er mældur árlega og birtur í sjálfbærnisráðgjöf. Verði verulegar breytingar á aðferðafræði eða gögnum er grunnár endurreiknað til að tryggja samræmi milli ára.

### Loftslagsmarkmið í virðisbætur

Forstjórar áfengiseinkasalna á Norðurlöndum undirrituðu stefnuvísí (e. RoadMap) til ársins 2030. Þar er markmiðið að draga saman losun í virðisbætur, losunarsviði 3, um 50% (viðmiðunarár 2020).

Það náðist góður árangur á árinu og er fyrirtækið á réttri leið að markmiði.

VIRÐISBÆTUR - LANGTÍMAMARKMIÐ UM 50% SAMDRÁTT Í LOSUN



## Umbúðir vörusafns

Vörusafn áfengis hefur stærsta kolefnissporið, 47.756 tCO<sub>2</sub>ig og er 96% af heildarlosun fyrirtækisins. Árið 2014 hófst vinna við lífsferilsgreiningu á vörusafni norrænu áfengiseinkasalanna, þá kom í ljós að umbúðir sköpuðu stærsta kolefnissporið. Eftir frekari greiningu var niðurstaðan sú að glerumbúðir skili stærsta sporinu.

Viðmiðunarár 2020 var endurreiknað í sjálfbærnisráðgjafarskýrslu síðasta árs á grundvelli nýrrar lífsferilsgreiningar. Samanburðartölur í þessari skýrslu byggja á þeirri uppfærslu og engar frekari breytingar hafa verið gerðar á aðferðafræði.

Á árinu var unnið að gerð aðferðafræði við verkefnið kolefnisspor vöru (PCF) og mun vinna halda áfram næstu ár. Markmiðið er að draga úr losun og auka sjálfbærni, sem verður lykilverkfæri til að stefna að kolefnishlutleysi ásamt því að mæta síauknum kröfum neytenda og lagaumhverfisins um loftslagsábyrgð.



Myndin sýnir nálgun ÁTVR að kolefnishlutleysi; losun í eigin rekstri og vegna flugs er kolefnisjöfnuð, en megináhersla er á samdrátt losunar í virðiskeðjunni.

Heildar kolefnisspor innri og ytri umbúða er 11.574 tonn og minnkaði um 3% milli ára.

ÁTVR hefur reiknað heildar kolefnisspor rekstrarins og er það 50.131 tonn CO<sub>2</sub>ig. Langstærsti hlutinn er í virðiskeðjunni, losunarsviði 3, 99,6%.


Niðurstöður sýna að fyrirtækið hefur náð utan um stærstu losunarvalda og náð að teikna stóru myndina. Samkvæmt Green House Gas Protocol Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions eru 15 þættir sem taka þarf afstöðu til og er búið að uppfylla þær kröfur. Rannsóknir á fyrirtækjum í MSCI-vísitölunni sýna að 88% af losun fyrirtækja eru í virðiskeðjunni, losunarsviði 3 og 98% í smásölu.

## Framleiðsla á drykkjum og umbúðum þeirra veldur mestu losuninni.

Framleiðsla á drykkjum stendur fyrir stærsta hluta kolefnissporsins, 48% (23.788 tCO<sub>2</sub>ig). Næstmesta losunin stafar af framleiðslu drykkjarvöruumbúða og pakkninga 23% (11.574 tCO<sub>2</sub>ig), þar á eftir kemur ræktun, 16% (7.972 tCO<sub>2</sub>ig).

**11.574**  
tonn, heildar  
kolefnisspor umbúða

Losun á losunarsviði 3 - 49.938 tonn tCO<sub>2</sub>



Útreikningar eru unnir úr lífsferlisgreiningu sem gerð var fyrir vörusafnið af 2.-0 LCA consultants.

## Flutningur vöru

Umfang aksturs þriðja aðila vegna dreifingar áfengis á landsbyggðinni er tæplega 4,6 milljónir lítra, 195 tonn af CO<sub>2</sub>. Það er 21% af seldu heildarmagni áfengis. Miðað er við rauntölur kolefnisspors frá Samskipum, 96,4 g/tonnkm.

## Flug starfsfólks

Starfsfólk flaug 18 ferðir til og frá Íslandi á árinu 2025. Samkvæmt reiknilíkani ICAO þá er losun þessara ferða rúmlega 6 tonn af CO<sub>2</sub>. Í innanlandsflugi voru farnar samtals 37 ferðir, flestar til Akureyrar. Samkvæmt reiknilíkaninu var losun tæplega 4 tonn CO<sub>2</sub>. Þó flug falli undir óbein áhrif er komið til móts við þá losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði, alls 10 tonn. Losun er þó birt óskert í loftslagsbókhaldi.

## Ferðavenjur til og frá vinnu

Niðurstaðan var að 81 tonn af CO<sub>2</sub> losnuðu út í andrúmsloftið vegna samgangna starfsfólks á árinu. Niðurstaða ársins er verrri en fyrri ára sem skýrist meðal annars af því að meðalvegalengd frá vinnustað jókst úr 7,2 km í 7,4 km, meiri akstur og færri samgöngusamningar við starfsfólk. En á móti var minni losun frá einkabilum (fór úr 92 g/km niður í 91 g/km). Losunarstuðull fyrir strætó er 51,3 g/km.

LOSUN STARFSMANNA CO<sub>2</sub> - TIL OG FRÁ VINNU



Haldið verður áfram að hvetja starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta og hefja orkuskipti á bifreiðum. Markmiðið er að ná undir 75 tonn CO<sub>2</sub> vegna losunar starfsfólks til og frá vinnu á næsta ári.

### Urðun úrgangs

Urðaður úrgangur var rúmlega 23 tonn á síðasta ári og úrgangur til orkuvinnslu rúmlega 16 tonn. Flokkunarhlutfall lækkaði í 86% og kolefnisspor úrgangs jókst í 34 tonn af CO<sub>2</sub>.

### Flutningur áfengis og tóbaks

Losun frá flutningi áfengis er 1.560 tonn af CO<sub>2</sub> og lækkar milli ára um 5,5%, en notað er líkan úr lífsferilsgreiningu vörusafns 2022. Sjóflutningur á stærsta hluta losunar. Stór hluti bjórs er framleiddur innanlands og því er flutningur á honum 3% af losun í virðiskeðjunni, en 11% hjá einkasölum á Norðurlöndum.

Losun frá sjóflutningi neftóbaks er áætluð 6 tonn CO<sub>2</sub> og óbreytt á milli ára en 0,4% samdráttur er í sölu neftóbaks, hráefnið í það kemur að stórum hluta frá Filippseyjum. Sjóflutningur tóbaks er 16 tonn og óbreytt þrátt fyrir rúmlega 3% samdrátt í sölu vindlinga.

Með nákvæmari losunartölum frá flutningsaðilum verða tölurnar raunhæfari. Í útreikningum var miðað við 28 g/tonnkm frá Eimskip (kolefnisreiknir Eimskips).

Heildarlosun alþjóðaflutnings er því 1.582 tonn CO<sub>2</sub>.

### Tóbak

Losunarstuðlar fyrir tóbak byggja á lífsferilsgreiningu (LCA) úr rannsókninni *Cigarette Smoking: An Assessment of Tobacco's Global Environmental Footprint Across Its Entire Supply Chain* (American Chemical Society, 2018). Samkvæmt henni er kolefnisspor einnar sígarettu um 14 g CO<sub>2</sub>/g og vatnsspor um 3,7 litrar yfir allan lífsferil vörunnar.

Byggt á seldum magntölum er áætluð heildarlosun tóbaks sem fer í gegnum heildsölu ÁTVR um 1.817 tonn CO<sub>2</sub>/g.

### Bílaleigubílar og leigubílar

Bílaleigan Höldur er með ISO 14001 vottun og voru flestir bílar leigðir þaðan. Alls voru keyrðir 10.354 km og losun er eitt tonn. Losun frá leigubílum er óveruleg. Stefnan er ávallt sú að panta vistvæna leigubíla.

### Loftslagsbókhald - losunarsvið 3

CO<sub>2</sub>-ígildi í tonnum

GHGP	Losunarpáttur	2024*	2025	Breyting 24/25	Athugasemdir
1	Landnotkun	3.007	2.840	-5,6%	Sala niður um 5,6% - lífsferilsgreining 2023
1	Ræktun	8.434	7.972	-5,5%	Sala niður um 5,6% - lífsferilsgreining 2023
1	Drykkjavöruframleiðsla	25.197	23.788	-5,6%	Sala niður um 5,6% - lífsferilsgreining 2023
1	Umbúðir og pakkningar	12.304	11.574	-5,9%	Sala niður um 5,6% - aukning álumb. og léttgler
4	Alþjóðlegur flutningur áfengis og tóbaks	1.673	1.582	-5,4%	Lífsferilsgreining 2023
1	Tóbaksframleiðsla	1.875	1.817	-3,1%	Sala niður um 3,2% - 14 g CO <sub>2</sub> sigarett
9	Innlendur vöruflutningur	200	195	-2,5%	Losunarst. úr 97,0 í 96,4 g/tkm - Samskip 2024
7	Starfsfólk ferðir til og frá vinnu	75	81	8,0%	Vistvænni bifreiðar
5	Úrgangur	30	34	13,3%	Flokkunarhlutfall 86%
8	Leiga - orkunotkun	27	25	-7,3%	Rafmagn og heitt vatn innifalið í húsaleigu
3	Losun vegna vinnslu og flutnings eldsneytis	21	19	-9,8%	Ferillinn "well-to-tank"
6	Flug og leigubílar	22	11	-50,0%	Flug kolefnisbundið, 10 tonn CO <sub>2</sub>
<b>Losun GHG - samtals</b>		<b>52.864</b>	<b>49.938</b>	<b>-5,5%</b>	
Mismunur GHG á milli ára:		-2.628	-2.927		* Útreikningar uppfærðir

#### GHGP stendur fyrir Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions (v 1.0).

Afstaða hefur verið tekin til allra 15 flokka losunarsviðs 3 samkvæmt GHG Protocol. Þeir flokkar sem taldir eru efnislegir fyrir starfsemi ÁTVR eru reiknaðir og birtir í loftslagsbókhaldi. Aðrir flokkar eru metnir óverulegir eða ekki viðeigandi á grundvelli eðlis starfseminnar og skjalfests mats.

Keyptar vörur og þjónusta (Category 1) er langstærsti liðurinn.

### Loftslagsbókhalð - Samantekt losunarsviða

CO<sub>2</sub>-ígildi / tonnum

Losunarsvið	Áhrif	2024	2025	Breyting 24/25	Hlutfall af heildarlosun
Losunarsvið 1	Bein	145	131	-9,7%	0,3%
Losunarsvið 2	Óbein	74	65	-12,9%	0,1%
Losunarsvið 3	Óbein	52.864	49.938	-5,5%	99,6%
<b>Losun GHIL - Samtals</b>		<b>53.084</b>	<b>50.134</b>	<b>-5,6%</b>	



Langstærsti hlutinn er í virðisreðjunni, losunarsvið 3, eða 99,6%.

### Loftslagsbókhalð - Samantekt á forðun, bindingu og hlutfallslegri losun

CO<sub>2</sub>-ígildi / tonnum


Losunarsvið	2024	2025	Breyting 24/25
Losun GHIL - Samtals	53.084	50.134	-5,6%
Bein losun - Kolviður	95	81	-14,7%
Kolefnisforðun - Katla Carbon	50	50	0,0%
Flug - Kolviður	20	10	-50,0%
<b>Heildarlosun GHIL m/bindingu</b>	<b>52.919</b>	<b>49.993</b>	<b>-5,5%</b>
CO <sub>2</sub> á milljón lítra [tonn]	2.339	2.340	0,1%
CO <sub>2</sub> á stöðugildi [tonn]	169	166	-1,5%
CO <sub>2</sub> á veltu [tonn]	1.111	1.065	-4,2%

HEILDARMAGN CO<sub>2</sub> Á SELDA MILLJÓN LÍTRA [TONN]



FJÁRFESTING TIL KOLEFNISVERKEFNA

CO<sub>2</sub>-ígildi í tonnum



Úrgangur

Heildarmagn úrgangs minnkaði um 10% og flokkunarhlutfall lækkaði í 86% milli ára. Magn blandaðs úrgangs í urðun jókst um 43% á milli ára, hækkaði um 7 tonn. Umfang á grófum úrgangi, 4 tonn, er vegna viðhaldsframkvæmda og lækkaði. Grófur úrgangur tengist ekki daglegum rekstri heldur tímabundnum framkvæmdum og er breytilegur á milli ára. Öll vörubretti fara í endurnotkun. Viðskiptavinir geta nýtt tóma kassa í sama tilgangi og koma þeir í mörgum tilfellum í staðinn fyrir kaup á burðarpokum.

Íslenska Gámafélagið sér um hirðingu úrgangs og fóru 16 tonn af úrgangi til orkunýtingar í Evrópu.

Heildarlosun CO<sub>2</sub> frá blönduðum úrgangi nemur nú 34 tonnum CO<sub>2</sub>, samanborið við 30 tonn CO<sub>2</sub> árið áður.

Megnið af plasti sem fellur til, rúmlega 18 tonn, er glær plastfilma sem fer í endurvinnslu til Pure North Recycling í Hveragerði. Þar með eru tryggð 82% minni loftslagsáhrif af plastinu sem fellur til.

Alls voru 242 tonn flokkuð til endurvinnslu og náðist 86% flokkunarhlutfall. Með endurvinnslu var hægt að koma í veg fyrir að út í andrúmsloftið losnuðu gróðurhúsalofttegundir sem jafngilda 1.248 tonnum af CO<sub>2</sub>. Það samsvarar ársnotkun á 416 fólksbílum (m.v. að hver fólksbíll losi 3 tonn) eða akstri allra bifreiða ÁTVR í 10 ár.


Aðgerðir: Draga úr blönduðum úrgangi, auka fræðslu og leita leiða til að ná 90% flokkunarhlutfalli til endurvinnslu.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 12, Ábyrg neysla, er eitt af mikilvægustu markmiðum ÁTVR. Þótt markmið um 90% flokkunarhlutfall hafi ekki náðst í ár verður áfram stefnt að því hlutfalli næsta ár.

Úrgangsflokkar

Úrgangsflokkar	2024	2025	Breyting %
Blandaður úrgangur - urðun	16.323	23.290	43%
Blandaður úrgangur - orkuvinnsla	16.900	16.029	-5%
Bylgjupappi	181.205	177.492	-2%
Plast	37.928	31.712	-16%
Blandaður pappír	14.018	10.110	-28%
Málmar	6.210	6.970	12%
Lífrænn úrgangur	9.220	8.540	-7%
Annað	15.848	6.760	-57%
<b>Samtals</b>	<b>297.652</b>	<b>280.903</b>	<b>-6%</b>
<b>Hlutfall endurvinnanlegra efna</b>	<b>89%</b>	<b>86%</b>	<b>-3%</b>
<b>Hlutfall til urðunar</b>	<b>5%</b>	<b>8%</b>	<b>64%</b>
<b>Hlutfall til orkuvinnslu</b>	<b>6%</b>	<b>6%</b>	<b>-1%</b>
<b>Grófur úrgangur</b>	<b>18.500</b>	<b>3.620</b>	<b>-80%</b>
<b>Heild</b>	<b>316.152</b>	<b>284.523</b>	<b>-10%</b>




FLOKKUNARHLUTFALL



ÚRGANGUR - TIL ENDURVINNSLU

Magn í tonnum



ÁBYRG STARFSEMI

## UMHVERFISLÖG OG REGLUR

Fyrirtækið hefur hvorki fengið sektir né viðurlög vegna brota gegn umhverfislögum né - reglum.

### Innra eftirlit og sjálfbær stjórnun

ÁTVR leggur ríka áherslu á umhverfislega ábyrgð í rekstri og styður við sjálfbærnimarkmið sín með Grænum skrefum í ríkisrekstri, grænu bókhaldi og loftslagsstefnu. Þessi nálgun tryggir að fyrirtækið starfi í samræmi við gildandi umhverfislög og reglugerðir, á sama tíma og markvisst er unnið að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

ÁBYRG STARFSEMI

## REKSTUR

Stór hluti tekna ÁTVR er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum rikissjóðs, í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 27.208 milljónum króna, en var 27.578 milljónir króna árið á undan. Greiddur var 750 milljón króna arður í rikissjóð.

1. janúar 2025 voru gerðar breytingar á áfengis- og tóbaksgjöldum. Áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5% á alla flokka.

ÁBYRG STARFSEMI

## HAGNAÐUR OG SÖLUTÖLUR

Hagnaður var 794 milljónir króna, í samanburði við 537 milljónir króna árið 2024. Rekstrartekjur ársins voru 41.139 milljónir króna. Rekstrargjöld námu 41.138 milljónum króna, þar af var vörunotkun 35.326 milljón króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.154 milljónir króna, eða 2,8%. Arðsemi eiginfjár á árinu var 10,6%.



ÁBYRG STARFSEMI

## SALA ÁFENGIS

Tekjur af sölu áfengis voru 33.485 milljónir króna án vsk. og minnkuðu um 2,2%. Alls voru seldir 21,4 milljón lítrar af áfengi. Sala ársins var 5,6% minni í lítrum í samanburði við fyrra ár. Sala dróst saman í léttvini og bjór en jókst í sölu á sterku áfengi.



## SALA TÓBAKS


Tekjur af sölu tóbaks voru 7.958 milljónir króna án vsk. og jukust um 0,7% á milli ára. Sala tóbaks dróst saman í öllum flokkum.



BREYTING Á SÖLU ÁFENGIS 2024 - 2025



BREYTING Á SÖLU TÓBAKS 2024 - 2025



### ÁBYRG STARFSEMI

## TÓBAK

Í desember 2023 voru á Alþingi samþykkt **lög nr. 110/2023** um breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Lögin fela í sér innleiðingu á Evrópureglum og munu þau leiða til margvíslegra breytinga í viðskiptum með tóbaksvörur og jurtavörur til reykinga. ÁTVR hefur verið falið það hlutverk að annast framkvæmd og hafa eftirlit með ákveðnum þáttum laganna. Má þar m.a. nefna skýrslugjöf um innihaldsefni og losun, einkennandi bragð, merkingu og umbúðir, rekjanleika, skráningu og öryggisþátt.

Ein helsta breytingin sem verður með nýju lögunum er að allir einingapakkar tóbaksvöru sem seldir verða á Íslandi skulu merktir með einkvæmu auðkenni. Þannig verður hægt að rekja feril vöru frá framleiðanda til fyrsta smásala. Þannig þurfa framleiðendur, innflytjendur, heildsalar, flutningsaðilar og vöruhús að skanna vörur inn og út til staðfestingar á því hvaða vara er stödd á hvaða stað og hvenær. Á árinu hefur verið unnið að uppsetningu kerfisins sem stefnt er að taka í notkun á árinu 2026.





Ársreikningur 2025



## SKÝRSLA OG ÁRITUN FORSTJÓRA

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) starfar í samræmi við lög nr. 86/2011 og er í eigu íslenska ríkisins. Markmið laganna er að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heilðsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. ÁTVR heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra.

Þann 1. september 2025 lét Ívar J. Arndal af starfi forstjóra og í hans stað var Þorgerður Kristín Þráinsdóttir skipuð forstjóri af fjármála- og efnahagsráðherra.

Rekstrartekjur ársins voru 41.888 millj.kr. Áfengi var selt fyrir 33.484 millj.kr. Í líturum dróst sala áfengis saman um 5,62% á milli ára. Alls seldust 21.423 þús. lítrar, þar af var þjósala 16.503 þús. lítrar.

Sala tóbaks var 7.958 millj.kr. Sala vindlinga í magni dróst saman um 3%. Sala vindlinga nam 626 þús. kartonum og af vindlum seldust 2.871 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 9.000 kg. og var samdráttur 0,4% frá fyrra ári. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 4.472m.kr. á árinu 2025 og lækkaði um 36.m.kr. frá árinu á undan.

Viðskiptavinafjöldi Vínbúðanna var 4,8 milljónir, sem er 4,4% fækkun frá árinu á undan. Eignir námu 9.357 millj.kr. skuldir voru 1.800 millj.kr. og eigið fé nam 7.557 millj.kr. í árslok 2025. Greiddur var 750 millj.kr. arður í ríkissjóð.

Á árinu fengu 632 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 302, sem er fækkun um 13 ársverk á milli ára.

Lögum um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs. Áfengisgjald var hækkað um 2,5 % og tóbaksgjald um 2,5%.

Ný Vínbúð var opnuð á Akureyri og var húsnæðið við Hólabraut selt. Einnig var húsnæði á Egilsstöðum selt. Lokið var við stækkun á dreifingarmiðstöðinni. Vínbúðin á Húsavík var endurbætt og unnið var að lagfæringum á Vínbúðinni í Hafnarfirði.

Reykjavík, 30. mars 2026

Undirritað rafrænt

Þorgerður Kristín Þráinsdóttir,  
forstjóri.

# ÁRITUN RÍKISENDURSKOÐUNAR

Til fjármála- og efnahagsráðherra

## Álit

Ársreikningur ÁTVR fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögg mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2025, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður ÁTVR og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

## Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu forstjóra þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Forstjóri er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings er forstjóri ábyrgur fyrir því að meta rekstrarhæfi ÁTVR og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema ákveðið hafi verið að leysa fyrirtækið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir möguleikar eru til staðar en að leysa fyrirtækið upp.

Forstjóri skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Afklar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningssskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa forstjóra ÁTVR um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 30. mars 2026

**Guðmundur Björgvin Helgason,**  
ríkisendurskoðandi

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala áfengis		33.484.623	34.230.476
Sala tóbaks		7.957.788	7.903.669
Sala umbúða o.fl.		69.691	71.744
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		376.379	12.136
		<b>41.888.481</b>	<b>42.218.025</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun	10	35.326.213	35.905.688
Laun og launatengd gjöld	11	3.639.464	3.712.595
Húsnæðiskostnaður		913.706	877.149
Sölu- og dreifingarkostnaður		224.652	232.861
Rekstur tölvu- og upplýsingakerfa		350.299	334.623
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður		231.509	282.532
Annar rekstrarkostnaður		49.069	49.018
Afskriftir	13	403.699	381.699
		<b>41.138.611</b>	<b>41.776.165</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>749.870</b>	<b>441.860</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	44.295	94.775
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>794.165</b>	<b>536.635</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRIÐ 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir	4,13	2.273.015	2.441.500
Eignarhlutir í öðrum félögum	5,14	7.500	7.500
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>2.280.515</b>	<b>2.449.000</b>
Birgðir	6,15	2.842.212	2.803.490
Viðskiptakröfur	7,16	681.801	654.037
Handbært fé	8	3.552.083	3.309.951
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>7.076.096</b>	<b>6.767.478</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>9.356.611</b>	<b>9.216.478</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé	17	7.557.100	7.512.935
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>7.557.100</b>	<b>7.512.935</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánardrotnar	9	1.006.046	967.164
Aðrar skammtímaskuldir		793.465	736.379
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>1.799.511</b>	<b>1.703.543</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>9.356.611</b>	<b>9.216.478</b>
Skuldbindingar	18		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins		794.165	536.635
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</b>			
Afskriftir	13	403.699	381.699
Tap (söluhagnaður) af fastafjármunum		(376.379)	(12.136)
		<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>821.485</b>
			<b>906.198</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Birgðir, lækkun (hækkun)		(38.722)	(65.321)
Skammtímakrófur, lækkun (hækkun)		(27.764)	406.460
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)		95.968	(55.298)
		<b>29.482</b>	<b>285.841</b>
		<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>850.967</b>
			<b>1.192.039</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fasteignir	13	(155.242)	(422.061)
Innréttingar og annar búnaður	13	(72.351)	(554.181)
Bifreiðar	13	(104.611)	(39.730)
Söluverð rekstrarfjármuna		473.369	18.187
		<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>141.165</b>
			<b>(997.785)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til ríkissjóðs	17	(750.000)	(250.000)
		<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>(750.000)</b>
			<b>(250.000)</b>
		<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>242.132</b>
			<b>(55.746)</b>
		<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b>3.309.951</b>
		<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b>3.309.951</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Skattar

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### Erlendir gjaldmiðlar og innlendar visitölur

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur í árslok. Viðskipti í erlendum gjalddeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við visitölur sem tóku gildi 1. janúar 2026. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### Rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

### Eignarhlutar í öðrum félögum

5. Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

### Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

### Viðskiptakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Skattsins. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 4.472 m.kr. á árinu 2025.

Sundurliðun vörunotkunar	2025	2024
Vörunotkun, áfengi	28.637.754	29.247.301
Vörunotkun, tóbak	6.663.659	6.629.607
Vörunotkun, umbúðir	24.800	28.780
<b>Samtals</b>	<b>35.326.213</b>	<b>35.905.688</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2025	2024
Dagvinnulaun	2.055.113	2.177.102
Yfirvinna	842.684	781.906
Launatengd gjöld	655.425	669.873
Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs	70.485	69.984
Áfallið reiknað orlof, breyting	15.757	13.730
<b>Samtals</b>	<b>3.639.464</b>	<b>3.712.595</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Launagjöld lækka um 2% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2025 voru 302, en 315 árið 2024.

Laun og launatengd gjöld vegna tveggja forstjóra námu 40 m.kr. en voru 27,75 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 232 m.kr. í árslok 2025 en til samanburðar nam skuldbindingin 216,2m.kr. árið áður.

Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Í lögum nr 127/2016 var gerð breyting um aukaframlag til A-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Greiðslur til LSR árið 2025 voru 70,5 m.kr. en 69,9 m.kr. árið 2024.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

12. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)

	2025	2024
Vaxtatekjur	273.842	334.355
Póknanir vegna debet- og kreditkorta	(166.450)	(162.929)
Fjármagnstekjuskattur	(60.205)	(73.534)
Vaxtagjöld	(2.892)	(3.117)
<b>Samtals</b>	<b>44.295</b>	<b>94.775</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Rekstrarfjármunir

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttingar og annar bün.	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	362.938	1.845.692	2.305.670	4.514.300
Viðbót á árinu	104.611	155.242	72.351	332.203
Selt og niðurlagt á árinu	(85.171)	(117.885)	(187.780)	(390.836)
<b>Stofnverð 31.12.2025</b>	<b>382.378</b>	<b>1.883.049</b>	<b>2.190.241</b>	<b>4.455.668</b>
Afskrifað 1.1.2025	183.462	883.731	1.005.607	2.072.801
Afskrifað á árinu	44.341	30.486	306.490	381.317
Selt og niðurlagt á árinu	(57.414)	(44.867)	(169.184)	(271.465)
<b>Afskrifað 31.12.2025</b>	<b>170.390</b>	<b>869.351</b>	<b>1.142.912</b>	<b>2.182.653</b>
<b>Bókfært verð 31.12.2025</b>	<b>211.988</b>	<b>1.013.698</b>	<b>1.047.328</b>	<b>2.273.015</b>
Afskriftarhlutföll	12-15%	2-4%	12-20%	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Gjaldfærð afskrift ársins var 381,3 m.kr. En seldar og niðurlagðar eignir námu 22,4 m.kr., samtals 403,7m.kr.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
<b>Fasteignir og lóðir</b>	<b>1.013.698</b>	<b>4.452.530</b>	<b>5.854.050</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Eignarhlutar í félögum

14. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr.

## Birgðir

15. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

	2025	2024
Áfengi	2.582.992	2.606.059
Tóbak	236.020	166.905
Umbúðir	8.060	9.086
